

gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í átta liðum.

1. liður; Kárhóll í Reykjadal, breyting á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi.

Sveitarstjórn samþykkir að gerðar verði breytingar á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 í þá veru að skilgreint verði nýtt þjónustusvæði í landi Kárhóls og felur skipulags- og byggingarfulltrúa málsmeðferð vegna aðalskipulagsbreytingarinnar. Þá heimilar sveitarstjórn Teikn á lofti ehf. að vinna deiliskipulag að væntanlegri rannsóknarstöð og aðstöðu henni tengdri á kostnað Aurora Observatory eins og 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um.

2. liður; Litlulaugaskóli í Reykjadal og Gerði, skilgreining á lóðamörkum. *Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að tilkynna breytta stærð lóðanna til landupplýsingadeildar Þjóðskrár.*

5. liður; Flúðasel í Fnjóskadal, breyting á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi.

Sveitarstjórn samþykkir breytingar á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 í þá veru að skilgreindur verði nýr landnotkunarréttur fyrir veiðiheimili í landi Flúðasels og felur skipulags- og byggingarfulltrúa málsmeðferð vegna aðalskiplagsbreytingarinnar. Einnig heimilar sveitarstjórn AVH ehf. að vinna deiliskipulag af svæðinu á kostnað landeigenda eins og 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um.

6. liður; Þeistareykir, breyting á deiliskipulagi Þeistareykjavirkjunar.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu að breytingu á deiliskipulagi Þeistareykjavirkjunar með þeim breytingum sem Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til í fundargerðinni. Sveitarstjórn felur skipulags- og byggingarfulltrúa að annast gildistöku deiliskipulagsins eins og 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um.

7. liður; Lindahlíð, umsókn um stofnun lóðar.

Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að annast stofnun lóðarinnar í fasteignagrunni Þjóðskrár.

8. liður; Hvammavegur (853), umsókn um framkvæmdarleyfi.

Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út framkvæmdarleyfið.

Oddviti tók ekki þátt í afgreiðslu 1. liðar fundargerðarinnar vegna vanhæfis. Fundargerðin staðfest að öðru leyti.

10. Fundargerð Brunavarnarnefndar frá 26.03.2014:

Lögð fram fundargerð Brunavarnarnefndar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar frá 26. mars s.l. Arnór gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í fjórum liðum.

1. liður fundargerðarinnar; Formaður lagði fram tillögu um að sameina slökkvilið Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar formlega í eitt lið. Tillagan hljóðar svo:

„Brunavarnarnefnd leggur til við sveitarstjórnir Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar að slökkvilið sveitarfélaganna verði formlega sameinuð í eitt lið og nú þegar verði hafist handa við þá sameiningu.“

Sveitarstjórn samþykkir tillögu nefndarinnar fyrir sitt leyti. Fundargerðin staðfest að öðru leyti.

11. Fundargerð Fræðslunefndar frá 02.04.2014:

Lögð fram fundargerð Fræðslunefndar frá 2. apríl s.l. Margrét gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í fjórum liðum.

Varðandi 1. lið fundargerðarinnar samþykkir sveitarstjórn tillögu nefndarinnar um að fá ráðgjöf hjá Reyni ráðgjafastofu. Sveitarstjórn samþykkir allt að 300 þús. kr. til verkefnisins og þá upphæð sem viðauka við fjárhagsáætlun 2014 sem mætt verður með handbæru fé. Ásta Svavarsdóttir sat hjá við afgreiðslu 1. liðar. Fundargerðin staðfest að öðru leyti.

12. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 08.04.2014:

Lögð fram fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 8. apríl s.l. Arnór gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í fjórum liðum.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

13. Fundargerð Stjórnar Atvinnuefingar Þingeyjarsveitar ehf. – beiðni um aukid hlutafé:

Stjórn Atvinnuefingar Þingeyjarsveitar ehf. óskar eftir því við sveitarstjórn að auka hlutafé félagsins um ein millj.kr. samkvæmt 2. lið fundargerðar AE. ehf. frá 1. apríl s.l. Aukið hlutafé er vegna hlutafjárukningar í Sorpsamlagi Þingeyinga ehf.

Sveitarstjórn samþykkir aukid hlutafé til Atvinnuefingar Þingeyjarsveitar ehf. að fjárhæð ein millj. kr.

14. Skipan í starfshóp:

Sveitarstjórn samþykkir að skipa í starfshóp sem vinna skal með Landgræðslunni og Landsvirkjun að gerð landbótaáætlunar og landbótastefnu á Þeistareykjum í tengslum við fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir.

Samþykkt að skipa eftirtalda aðila í fyrrgreindan starfshóp: Arnór Benónýsson, Böðvar Baldursson og Árna Þorbergsson, til vara Árni Pétur Hilmarsson og Sæþór Gunnsteinsson.

15. Viðhald fasteigna Þingeyjarsveitar 2014:

Sveitarstjóri lagði fram yfirlit um áætlun viðhalds fasteigna sveitarfélagsins fyrir árið 2014. Áður samþykkt fjárveiting í viðhald fasteigna er 17,4 millj. kr.

Áætlað er 1,7 millj. kr. í leiguhúsnæði og 15,7 millj. kr. í aðrar fasteignir.

16. Niðurfelling krafna:

Lagður fram listi yfir tólf tilgreindar kröfur sem sveitarstjóri óskar eftir að verði felldar út úr innheimtukerfi sveitarsjóðs af ýmsum ástæðum, samtals kr. 913.322 auk vaxta. Fært í trúnaðarmálabók.
Samþykkt samhljóða.

Til kynningar:

- Fundargerð stjórnar Sorpsamlags Þingeyinga ehf. frá 11.03.2014:
- Fundargerð 814. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga:
Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:45

Ólína Arnkelsdóttir
Margrét Bjarnadóttir
Friðrika Sigurgeirsdóttir
Ásta Svavarsdóttir

Arnór Benónýsson
Ásvaldur Ævar Þormóðsson
Árni Pétur Hilmarsson



Kæru lesendur og auglýsendur

Athugið, auglýsingum þarf að skila næst mánudaginn 21. apríl fyrir útgáfu Hlaupastelpunnar miðvikudaginn 23. apríl 😊

undir hluta af langstökkbrautinni á íþróttavellinum á Laugum en með því aukast möguleikar vallarins til muna.

Sveitarstjórni felur sveitarstjóra að kanna málið frekar.

3. Erindi – Jón Sigurðarson:

Fyrir fundinum liggur erindi dags. 2. apríl s.l. frá Jóni Sigurðarsyni þar sem hann segir að fyrirhugað sé að leggja rafmagn í jörð í Kinn, frá Landamóti að Ljósveitningabúð og spyr því hvort sveitarfélagið ætli ekki að nýta tækifærið og leggja rör fyrir ljósleiðara í sama skurð.

Sveitarstjórni falið að afla frekari upplýsinga, erindinu frestað.

4. Erindi – Samorka:

Fyrir fundinum liggur erindi dags. 1. apríl s.l. frá Gústaf Adolf Skúlasyni og Sigurjóni Norberg Kjærnested f.h. Samorku, samtök orku- og veitufyrirtækja. Erindið er að bjóða veitum Þingeyjarsveitar að gerast aðili að samtökunum.

Sveitarstjórni hafnar erindinu.

5. Ársfundur SÍMEY 2014:

Lagt fram fundarboð ársfundar Símenntunarmiðstöðvar Eyjafarðar árið 2014 sem haldinn verður 16. apríl n.k.

Samþykkt að Margrét Bjarnadóttir fari með umboð Þingeyjarsveitar á fundinum.

6. Múli I í Aðaldal – ósk um umsögn:

Lagt fram erindi dags. 4. apríl s.l. frá ábúendum í Múla I í Aðaldal, Kjartani Smára Stefánssyni og Sonju Rut Jónsdóttur þar sem óskað er eftir umsögn sveitarstjórnar vegna fyrirhugaðra kaupa á jörðinni.

Sveitarstjórni mælir með kaupunum og felur sveitarstjóra að ganga frá yfirlýsingu samkv. 36. grein jarðarlaga nr. 81/2004.

7. Endurnýjun rekstrarleyfis – Fosshótel Laugar:

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Húsavík, dags. 2. apríl s.l. þar sem Ólafur D. Torfason f.h. Íslandshótela hf. sækir um endurnýjun á rekstrarleyfi til sölu gistinga og veitingu veitinga á Fosshóтели Laugum í Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórni gerir ekki athugasemd við endurnýjun rekstrarleyfisins fyrir sitt leyti.

8. Nýtt rekstrarleyfi – Vallholt II:

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Húsavík, dags. 3. apríl s.l. þar sem Aðalsteinn Pétursson sækir um nýtt rekstrarleyfi til sölu gistinga og/eða veitingu veitinga í Vallholti II í Reykjadal.

Sveitarstjórni gerir ekki athugasemd við nýtt rekstrarleyfi fyrir sitt leyti.

9. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 27.03.2014:

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 27. mars s.l. Ásvaldur

FUNDARGERÐ



Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 143. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 10. apríl kl. 13:00

Dagskrá:

1. Fundarsetning:
2. Erindi – Frjálsíþróttaráð HSP:
3. Erindi – Jón Sigurðarson:
4. Erindi – Samorka:
5. Ársfundur SÍMEY 2014:
6. Múli I í Aðaldal – ósk um umsögn:
7. Endurnýjun rekstrarleyfis – Fosshótel Laugar:
8. Nýtt rekstrarleyfi – Vallholt II:
9. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 27.03.2014:
10. Fundargerð Brunavarnarnefndar frá 26.03.2014:
11. Fundargerð Fræðslunefndar frá 02.04.2014:
12. Fundargerð stjórnar Atvinnuefingar Þingeyjarsveitar ehf. – beiðni um aukið hlutfæ:
13. Skipan í starfshóp:
14. Viðhald fasteigna Þingeyjarsveitar 2014:
15. Niðurfelling krafna:

Til kynningar:

- a. Fundargerð stjórnar Sorpsamlags Þingeyinga ehf. frá 11.03.2014:
- b. Fundargerð 814. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga:

Mætt: Ólína Arnkelsdóttir, Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Árni Pétur Hilmarsson og Ásta Svavarsdóttir auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

1.Fundarsetning:

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að tekið yrði á dagskrá undir 12. lið; Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 08.04.2014. Aðrir liðir færast neðar á dagskrá sem því nemur. Þá óskaði oddviti eftir að hlé yrði gert á dagskrá rétt fyrir kl. 15:00 vegna formlegrar opunar Matarskemunnar ehf. þar sem kjörnir fulltrúar munu mæta til viðburðarins.

Samþykkt samhljóða.

2.Erindi – Frjálsíþróttaráð HSP:

Fyrir fundinum liggur erindi ódags. frá Huldu E. Skarphéðinsdóttur og Jóni F. Benónýssyni f.h. frjálsíþróttaráðs Héraðssambands Suður-Þingeyinga. Í erindinu er óskað eftir því að kannað verði hvort hægt sé að setja hita

Helgihald í Grenjaðarstaðarprestakalli um páska



17. apríl, Skírdagur: Lok Sunnudagskóla á Vestmannsvatni kl. 11 – 13:00

17. apríl, Skírdagur: Messa Þóroddsstað kl. 20:30

19. apríl: Messa með fermingu Grenjaðarstað 14:00

19. apríl: Páskanæturvaka Grenjaðarstað kl. 23:30

20. apríl: Páskadagur Hátíðamessa Einasstöðum kl. 14:00

20. apríl: Hátíðamessa Nesi kl. 16:00

Séra Þorgrímur.

Þingeyingar, ferðafólk.

Munið hina árlegu páskatónleika.

Á skírdag 17. apríl kl. 20:00 í Skjólbrekku.

Þar verður flutt tónlist m.a. eftir Beethoven, Chopin, Dvorák, íslensk sönglög og óperusmellir.

Sérstakir gestir eru karlaoktettinn Garðar Hólm.

Á föstudaginn langa 18. apríl kl. 21:00 í Reykjahlíðarkirkju.

Meðal annars verður þar flutt tónlist eftir Bach, Händel, Glück ásamt íslenskum sálmalögum.

Flytjendur:

Sesselja Kristjánsdóttir

mezzosópran

Laufey Sigurðardóttir

fiðla

Aladár Rác

píanó/orgel.

Í Skjólbrekku verða sýndir pappírsskúlptúrar „Mý“ eftir Svövu Björnsdóttur myndlistarmann.

Miðasala við innganginn
Miðaverð á aðra tónleikana kr. 2.500 ,
tvennir tónleikar kr. 4.000.

Músík í Mývatnssveit.



Fótsnyrting

Kvenfélag Fnjóskdæla stendur fyrir fótsnyrtingu
fyrir íbúa á starfssvæði sínu í Skógum
mánudaginn 28. apríl

Allir velkomnir en fótsnyrting fyrir 67 ára og eldri er í
boði kvenfélagsins

Pantið tíma hjá Hlíf í síma 462-2699 fyrir kl. 18:00 24. apríl

Stjórnin

Aðalfundur Kvenfélags Ljósvetninga

Verður haldinn í safnaðarheimili Þorgeirskirkju

Miðvikudagskvöldið 23. apríl nk. kl. 20:30.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Nýir félagar ávallt vekomnir

Stjórnin

15.tbl.
16. apríl
2014
21. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



Karлакór Vopnafjarðar og Kór Hofs- og Vopnafjarðarkirkju

halda tónleika 27.apríl. nk. í

Þorgeirskirkju kl. 14.00 og

Skjólbrekku kl. 20:00

Fjölbreytt dagskrá

Stjórnandi og undirleikari: Stephen Yates

Aðgangur kr. 2000- Fritt fyrir börn

Ekki tekið við greiðslukortum

Vorfundur Kvenfélags Aðaldæla

verður haldinn að Ýdölum þriðjudagskvöldið
22. apríl kl. 20.00.

Arna Benný Harðardóttir íþróttar og heilsufræðingur kemur og
fræðir okkur um Zumba dans sem góða hreyfingu fyrir alla.

Nýir félagar ávalt velkomnir.

Stjórnin